

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/58/12

frá 24. júlí 2003

um lágmarkssamstæðu leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðla sem um
getur í 18. gr. tilskipunarinnar um alþjónustu (*)

(2003/548/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi
notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu
(tilskipun um alþjónustu) ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. mgr. 18. gr. í alþjónustutilskipuninni er kveðið á um að lágmarkssamstæða leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðla verði birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* sem hluti af skránni yfir staðla sem um getur í 17. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ⁽²⁾.
- 2) Lágmarkssamstæða leigulína var skilgreind í II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/80/EB ⁽⁴⁾. Sú tilskipun var felld úr gildi frá og með 25. júlí 2003 með rammatilskipuninni.
- 3) Með þessari ákvörðun næst samfelldni að því er varðar lagagrundvöll vegna lágmarkssamstæðu leigulína um framkvæmd á viðeigandi ákvæðum í rammatilskipuninni og tilskipuninni um alþjónustu. Lágmarkssamstæða leigulína í þessari ákvörðun er sú sama og í tilskipun 92/44/EBE nema að því leytir að í stað tilvísana í evrópska fjarskiptastaðla (ETS) koma tilvísanir í Evrópustaðla (EN), eins og Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) samþykkti árið 2001. Hins vegar skulu leigulínur, sem uppfylla fyrri ETS-

staðlana, áfram teljast uppfylla kröfurnar um lágmarkssamstæðu leigulína.

- 4) Í þessari ákvörðun er lágmarkssamstæða leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðla skilgreind og hún er óaðskiljanlegur hluti skrárinnar yfir staðla sem er birt í samræmi við 17. gr. rammatilskipunarinnar 2002/21/EB. Núverandi útgáfa af skránni yfir staðlana, sem inniheldur einungis valkvæð ákvæði, var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í desember 2002 ⁽⁵⁾. Vegna mismunandi málsmeðferðar og lagalegra áhrifa er rétt að gera greinarmun á köflum skrárinnar yfir staðla, sem fela í sér lögboðin ákvæði í þessari ákvörðun, og köflum þar sem einungis er að finna valkvæð ákvæði.
- 5) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Stök grein

Lágmarkssamstæða leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðla er sett fram í viðaukanum.

Gjört í Brussel 24. júlí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 43. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2004 frá 23. apríl 2004 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 26.8.2004, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 165, 19.6.1992, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 27.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 331, 31.12.2002, bls. 32.

VIDAUKI

SKRÁ YFIR STAÐLA OG/EDA FORSKRIFTIR FYRIR RAFRÆN FJARSKIPTANET, ÞJÓNUSTU OG TILHEYRANDI AÐSTÖÐU OG ÞJÓNUSTU

Lögboðinn hluti

Skilgreining á lágmarkssamstæðu leigulína

1. Markmið

Í þessu skjali er skilgreind lágmarkssamstæða leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðla sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu).

Þessi skrá er hluti af skránni yfir staðlana sem um getur í 17. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunin).

Þetta skjal er, auk skrárinnar yfir staðlana og/eða forskriftirnar fyrir rafræn fjarskiptanet, þjónustu og tilheyrandi aðstöðu og þjónustu, birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í desember 2002 ⁽¹⁾.

2. Tæknistaðlar

Staðlarnir, sem um getur í þessu skjali, eru áfangagögn Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu samkvæmt núverandi nafnakerfi Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu. Í samræmi við ETSI-tilskipanirnar ⁽²⁾ eru þessi áfangagögn skilgreind á eftirfarandi hátt:

Evrópustaðall (fjarskiptaröð), EN. ETSI-áfangagögn sem innihalda stöðluð ákvæði sem hafa verið samþykkt til birtingar í ferli sem innlendar staðlastofnanir og/eða sendinefndir þjóða innan Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu koma að og hafa áhrif á biðstöðu og innlenda lögleiðingu.

Samhæfur staðall: Evrópustaðall (EN) (fjarskiptaröðin) sem Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu hefur verið falið að semja með umboði frá framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna samkvæmt tilskipun 98/48/EB (síðasta breyting á tilskipun ráðsins 83/189/EBE) og sem hefur verið saminn með tilliti til gildandi grunnkrafna í tilskipuninni um „nýja aðferð“ og tilvísun í hana hefur verið tilkynnt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Sú útgáfa staðlanna sem um getur í þessari skrá er sú útgáfa sem er í gildi þegar skráin er birt.

3. Heimilisföng þar sem hægt er að nálgast skjöl sem vísað er til

Útgáfuskrifstofa Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu ⁽³⁾

Póstfang: F-06921 Sophia Antipolis Cedex France

Sími: (0033) 4 9294 4241

(0033) 4 9294 4258

Bréfsími: (0033) 4 9395 8133

Tölvupóstfang: publications@etsi.fr

Vefsetur: <http://www.etsi.fr>

4. Tilvísanir í löggjöf Evrópusambandsins

Skráin vísar til eftirfarandi lagaskjala sem hægt er að nálgast á vefsetrinu http://europa.eu.int/information_society/topics/telecoms/regulatory/index_en.htm.

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51).

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 331, 31.12.2002, bls. 32.

⁽²⁾ Má nálgast á vefsetrinu <http://portal.etsi.org/directives/>.

⁽³⁾ Hægt er að niðurflytja skjöl Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu af niðurflytningssvæði hjá útgáfu Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (<http://pda.etsi.org/pda/queryform.asp>).

Skilgreining á lágmarkssamstæðu leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðlar**HLÍÐRÆNAR LEIGULÍNUR**

Gerð leigulínu	Tilvísun	Athugasemdir
Bandbreidd fyrir venjuleg talgæði ^(a)	— 2 víra ETSI EN 300 448 eða — 4 víra ETSI EN 300 451	Eiginleikar tengingar og netskilflatarbirting
Bandbreidd fyrir sérstök talgæði ^(b)	— 2 víra ETSI EN 300 449 eða — 4 víra ETSI EN 300 452	Eiginleikar tengingar og netskilflatarbirting

^(a) Leigulínur sem uppfylla kröfurnar í ETS 300 448 (2 víra) eða ETS 300 451 (4 víra) teljast uppfylla kröfurnar fyrir þessa gerð leigulínu.

^(b) Leigulínur sem uppfylla kröfurnar í ETS 300 449 (2 víra) eða ETS 300 452 (4 víra) teljast uppfylla kröfurnar fyrir þessa gerð leigulínu.

STAFRÆNAR LEIGULÍNUR

Gerð leigulínu	Tilvísun	Athugasemdir
64 kb/s ^(c)	— ETSI EN 300 288 — ETSI EN 300 289	Netskilflatarbirting Eiginleikar tengingar
2 048 kb/s — E1 (óskipuleg) ^(d)	— ETSI EN 300 418 — ETSI EN 300 247	Netskilflatarbirting Eiginleikar tengingar
2 048 kb/s — E1 (skipuleg) ^(e)	— ETSI EN 300 418 — ETSI EN 300 419	Netskilflatarbirting Eiginleikar tengingar

^(c) Leigulínur, sem uppfylla kröfurnar í ETS 300 288, ETS 300 288/A1 og ETS 300 289, teljast uppfylla kröfurnar fyrir þessa gerð leigulínu.

^(d) Leigulínur, sem uppfylla kröfurnar í ETS 300 418, ETS 300 247 og ETS 300 247/A1, teljast uppfylla kröfurnar fyrir þessa gerð leigulínu.

^(e) Leigulínur, sem uppfylla kröfurnar í ETS 300 418, ETS 300 419, teljast uppfylla kröfurnar fyrir þessa gerð leigulínu.